

Guðmundur Björnsson  
Háskóli Íslands  
gudmundur@hi.is

Reykjavík, 24. júní 2024  
UST202406-229/S.K.V.  
09.04.00

### **Efni: Leyfi fyrir ljósmynda- eða kvikmyndatöku á friðlýstum svæðum**

Umhverfisstofnun hefur móttakið umsókn Guðmundar Björnssonar, 24. júní 2024 um ljósmyndaverkefni innan verndarsvæða.

Bárðarlaug, Snæfellsbæ er friðlýst sem náttúruvætti sbr. [auglýsingu nr. 445/1980](#). Á svæðinu má hvorki skerða gróður né raska jarðmyndunum. Til að vernda þá kyrrð sem ríkir við Bárðarlaug er notkun ómannaðra loftfara, svo sem flygilda, ekki heimil í og við náttúruvættið nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá í Garðabæ er friðlýst sem náttúruvætti sbr. [auglýsingu nr. 687/2020](#). Óheimilt er að hrófla við, raska eða skemma jarðmyndanir innan náttúruvættisins nema til komi sérstakt leyfi frá Umhverfisstofnun og Garðabæ. Notkun fjarðstýrða loftfara er óheimil innan náttúruvættisins nema með fengnu leyfi frá Umhverfisstofnun.

Dettifoss, Selfoss og Hafragilsfoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 457/1996](#). Mannvirkjagerð, jarðrask og breytingar á landi, vatnsborðshæð eða rennsli vatna er háð leyfi Umhverfisstofnunar að fenginni umsögn umsjónarnefndar um málefni náttúruvættisins. Svæðið vestan Jökulsár er í umsjá Vatnajökulsþjóðgarðs og sækja þarf um leyfi fyrir kvikmyndatöku til þjóðgarðsins.

Dverghamrar eru friðlýstir sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 446/1987](#). Hvers konar mannvirkjagerð eða jarðrask, sem breytt getur útliti eða eðli svæðisins, er óheimil nema til komi sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar. Hvers konar losun jarðefna, rusls eða sorps er óheimil á svæðinu. Samkvæmt [stjórnunar- og verndaráætlun](#) svæðisins er kvikmyndagerð og ljósmyndun í atvinnuskyni og sem getur haft áhrif á náttúruvættið háð leyfi Umhverfisstofnunar. Jafnframt er umferð ómannaðra loftfara bönnuð nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Gróttá er friðlýst sem friðland sbr. [auglýsingar nr. 13/1984](#). Mannvirkjagerð og jarðrask allt, annað en viðhald núverandi húsa og túna, er bönnuð. Umferð óviðkomandi fólks er bönnuð á tímabilinu 1. maí til 15. júlí. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf, skaða varp og fara um friðlandið með skotvopn.

Hólmanes er friðlýst bæði sem friðland og fólkvangur sbr. [auglýsingu nr. 393/1973](#). Drónar skulu leyfiskyldir innan bæði friðlands og fólkvangs í Hólmanesi með það að markmiði að

verja fugla og annað dýralíf á svæðinu fyrir óþarfa röskun. Ekki eru veittar undanþágur á varptíma fugla.

Hrútey er friðlýst sem fólkvangur, sbr. [auglýsingu nr 521/1975](#). Varast skal að skerða gróður og valda óþarfa truflun á dýralífi. Óheimilt er að raska bergmyndunum á svæðinu. Umferð vélknúina ökutækja og vinnuvéla um fólkvangin er bönnuð. Allt jarðrask og mannvirkjagerð í fólkvanginum er óheimil nema til að greiða fyrir útivist fólks þar en í hvívetna skal haft samráð við náttúruverndarnefnd Austur Húnavatnssýslu. Til undanþágu frá þessum reglum þarf leyfi Umhverfisstofnunar. Ekki eru veittar undanþágur á varptíma fugla.

Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu eru vernduð skv. [lögum nr. 97/2004](#) um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Markmið laganna er að varðveita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Samkvæmt 17. gr. [reglugerðar nr. 665/2012](#) um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu skal leita leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hverskonar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Skútustaðargígjar eru innan verndarsvæðisins og eru að auki friðlýstir sem náttúruvætti sbr. auglýsing nr. 399/1973. Gjalltaka og mannvirkjagerð öll er bönnuð og hvers konar jarðrask, er breytir eða veldur skemmdum á útliti gíganna.

Salthöfði og Salthöfðamýrar eru friðlýstar sem friðland sbr. [auglýsingu 249/1977](#). Ekki má nota vélknúin tæki í friðlandinu nema í sambandi við hefðbundna nýtingu þess. Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Umhverfisstofnunar. Ekki eru veittar undanþágur á varptíma fugla.

Stóruð er friðlýst sem náttúruvætti, sbr. [auglýsing nr. 850/2021](#). Aðrar rannsóknir en lögbundnar rannsóknir fagstofnana sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eða truflun eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að valda spjöllum á landslagi svæðisins. Framkvæmdir og mannvirki skal skipuleggja og hanna þannig að þau falli sem best að svipmóti lands. Óheimilt er að spilla gróðri eða trufla dýralíf af ásetningi innan friðlýsta svæðisins. Allar framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi innan verndarsvæðisins eru háðar leyfi sveitarfélagsins og Umhverfisstofnunar auk annarra stofnana eftir því sem við á. Framkvæmdir og mannvirkjagerð eru óheimilar innan náttúruvættisins Stóruðar að undanskildum framkvæmdum í þágu aðgengis göngufólks að svæðinu, s.s. stígagerð, stikun og gerð göngubrúa. Mannvirki skulu ekki hafa afgerandi áhrif á ásynnd svæðisins og falla sem best að svipmóti lands. Heimilt er að halda við mannvirkjum, s.s. mannvirkjum Vegagerðarinnar innan veghelgunarsvæða og göngubrúum, sem þegar eru í notkun án þess að leita þurfi leyfis Umhverfisstofnunar svo fremi viðhald hafi ekki neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins. Efnistaka á svæðinu er óheimil án leyfis Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að lenda þylum og öðrum mönnum loftförum innan verndarsvæðisins utan skilgreindra landingarstaða nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Notkun vélknúinna ökutækja er óheimil innan náttúruvættisins að undanskilinni umferð þegar jörð er frosin eða snjóþekjan traust og augljóst er að ekki er hætt á náttúruspjöllum. Umferð hjólandi og ríðandi er óheimil innan náttúruvættisins. Notkun fjarstýrðra loftfara er óheimil innan náttúruvættisins nema með leyfi

Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að lenda þylum og öðrum mönnum loftförum innan verndarsvæðisins utan skilgreindra landingarstaða nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

### **Lýsing verkefnis:**

Ljósmyndaverkefni á friðlýstum svæðum til kennslu við Háskóla Íslands. Myndir og myndbönd verða notuð við námskeiðið Friðlýst svæði landvarsla og stjórnun auk leiðsögunáms við Endurmenntun HÍ. Einn maður mun nota þrívíddarmyndavél og dróna (þar sem það á við) til að búa til rafrænt kennsluefni fyrir námskeiðið. Myndatökur eru áætlaðar snemma eða í lok dags til að raska ekki kyrrðarupplifun ferðamanna. Myndatakan færi fram síðsumars eða haustið 2024

### **Umsagnir:**

Í samræmi við 17. gr. reglugerðar um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 665/2012 óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Náttúruvannsóknastöðvarinnar við Mývatn og Náttúrufræðistofnunar Íslands þann 24. Júní 2024 vegna verkefnisins. Umsögn Náttúrufræðistofnunar barst þann 28. Júní 2024. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að vegna nálægðar við Mývatn og Stakhólstjörn þá er það mat stofnunarinnar að bíða ætti með drónaflug yfir Skútustaðagígum þar til í september þegar viðkvæmast tími ársins fyrir vatnafugla er að baki.

### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur að umrætt verkefni sé ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar og verndargildi svæðanna sé farið að skilyrðum leyfisins. Umhverfisstofnun metur að kvikmyndataka með dróna geti haft truflandi áhrif á gesti svæðanna. Umhverfisstofnun metur að hægt sé að takmarka neikvæð áhrif á gesti svæðanna sé farið eftir skilyrðum leyfisins.

### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Guðmundi Björnssyni fyrir sitt leyti leyfi fyrir myndatökum innan ofangreindra verndarsvæða sbr. lýsingu hér að ofan. Ekki skal fljúga dróna við Mývatn fyrr en í september. Einnig skal gæta sérstaklega að fuglalífi við Gróttu, Hólmanes, Hrutey, Salthöfða og Salthöfðamýrar og mynda þar ekki fyrr en eftir að varpi lýkur. Gildir leyfið í ár frá dagsetningu þessa bréfs að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.

- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vegi skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Fylgja skal merktum göngustígum þar sem þeir eru til staðar og óheimilt er að fara inn á lokuð svæði.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Stjórnandi drónans skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að flugið valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum s.s. fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ef loftfarið brotlendir eða bilar skal ábyrgðarmaður þess sjá til þess að allir hlutar þess verði fjarlægðir Af öryggisástæðum er óheimilt að fljúga ómönnuðu loftfari undir 50 m yfir Strokki.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

**Leyfisgjald:**

Ekki verður innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 en Umhverfisstofnun óskar þess að fá aðgengi að myndefni þegar það er tilbúið.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Dagbjört Jónsdóttir  
**sérfræðingur**

Sveinn Kári Valdimarsson  
**sérfræðingur**